



224. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 4. september 2014 kl. 16:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson, Örn Andrésson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Á. Ingvarsson 1. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Ólympíuleikar ungmenna

Forseti skýrði frá ferð sinni á Ólympíuleika ungmenna í Nanjing í Kína. Landslið Íslands U-15 drengja vann það afrek að vinna til bronsverðlauna á leikunum og í því tilefni verður móttaka í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal sunnudaginn 7. september nk.

Þátttakendur á leikunum voru staðfestir af framkvæmdastjórn ÍSí með tölvupósti og voru eftirfarandi:

Sund:

Sunneva Dögg Friðriksdóttir, ÍRB
Kristinn Þórarinsson, Fjölni

Landslið U-15 drengja í knattspyrnu:

Aron Birkir Stefánsson, Þór
Sigurbergur Bjarnason, Keflavík
Hilmar Andrew Mcshane, Keflavík
Kristinn Pétursson, Haukar
Karl Viðar Magnússon, Haukar
Sölvi Björnsson, KR
Óliver Thorlacius, KR
Atli Hrafn Andrason, KR
Guðmundur Andri Tryggvason, KR
Jónatan Ingi Jónsson, FH
Gísli Þorgeir Kristjánsson, FH
Ísak Atli Kristjánsson, Fjölnir
Torfi Tímoteus Gunnarsson, Fjölnir
Alex Þór Hauksson, Stjarnan/Álftanes
Kristófer Ingi Kristinsson, Stjarnan/Álftanes
Kolbeinn Birgir Finnsson, Fylkir
Aron Kári Aðalsteinsson, Breiðablik
Helgi Guðjónsson, Fram

Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór sem aðalfararstjóri hópsins en aðrir í fararstjórn voru eftirfarandi:

Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir, flokksstjóri/þjálfari – sund

Þórarinn Gunnarsson, flokksstjóri - knattspyrna

Freyr Sverrisson, landsliðsþjálfari - knattspyrna

Ágúst Haraldsson, aðstoðarþjálfari - knattspyrna

Reynir Björnsson, læknir

Halldór Svavar Sigurðsson, sjúkráþjálfari

Þá átti Ísland einn ungan sendiherra (Young Ambassador) á leikunum, Bjarka Benediktsson, en hann var í hlutverki aðstoðarfararstjóra og aðstoðaði einnig knattspyrnuliðið á leikunum.

EYOF/EYOWF

Friðrik Einarsson fór yfir það helsta í undirbúningi fyrir Ólympíuhátíðir Evrópuæskunnar á næsta ári.

Evrópuleikar

Friðrik Einarsson fór yfir stöðu mála varðandi Evrópuleikana á næsta ári.

2. Smáþjóðaleikar 2015

Friðrik Einarsson lagði fram tillögu Afreks- og ólympíusviði ÍSÍ að tilnefna Garðar Svansson sem fararstjóra íslenska hópsins á leikunum hér heima. Tillagan samþykkt.

Sýnishorn af verðlaunapeningum og lukkudýri Smáþjóðaleikanna lögð fyrir framkvæmdastjórn og leist öllum vel á. Framkvæmdastjóri kynnti samstarf við ZO-ON og sýndi þann fatnað sem verður í boði fyrir sjálfboðaliða og starfsfólk á leikunum.

Gunnar Bragason skýrði frá stöðu mála varðandi samninga við hótél og varðandi veitingasölu. Nokkrir samningar eru langt komnir og velvilji hjá fyrirtækjum um að koma að Smáþjóðaleikunum á einn eða annan hátt.

Rætt um íslenska liðið og samþykkt að í stað þess að íslenski hópurinn gisti á hótélum þá verði sett upp sameiginleg aðstaða með afþreyingu fyrir hópinn í Laugardalnum.

Rætt um fjármögnun Smáþjóðaleikanna 2015 og framlag ríkisins til leikanna. Í Fjárlagafrumvarpi 2015 er gert ráð fyrir 25 m.kr. framlagi til ÍSÍ vegna leikanna en unnið er að því að fá hækkun á því framlagi.

3. Íþróttaping 2015

Íþróttapingið 2015 verður haldið að Gullhömrum í Grafarholti 17.-18. apríl 2015.

Forseti minnti á að huga þarf að tillögum til þingsins. Forseti greindi frá því að hann hyggist bjóða sig fram til forseta ÍSÍ á þinginu og óskaði eftir upplýsingum frá stjórnarmönnum varðandi framboð til stjórnar.

4. Endurskipan Bogfiminefndar ÍSí

Tekið fyrir erindi Bogfiminefndar ÍSí um endurskipan nefndarinnar. Samþykkt að skipa eftirtalda í Bogfiminefnd ÍSí: Guðmund Örn Guðjónsson, Hlyn Frey Þorgilsson, Margréti Einarsdóttur, Harald Gústafsson, Rúnar Þór Björnsson, Indriða Ragnar Grétarsson, Kristin Gísla Sigurjónsson, Sigurjón Atla Sigurðsson og Unnstein Ingason.

Skrifstofu falið að senda nefndarfólkinu skipunarbréf.

5. Íþróttanefnd ríkisins – tilnefning

Samþykkt að tilnefna Sigríði Jónsdóttur ritara ÍSí í Íþróttanefnd ríkisins og Gunnar Bragason gjaldkera sem varamann.

6. Skráningakerfi íþróttahreyfingarinnar

Örn skýrði frá fundi með forsvarsmönnum UMFÍ þar sem framtíð Felix skráningarkerfis íþróttahreyfingarinnar var rædd sem og aðkoma beggja samtaka að verkinu. Fyrirhugað er að forsvarsmenn ÍSí og UMFÍ hittist og ræði málin og undirriti samkomulag við Idega. Áður hefur verið samþykkt að fara að tillögu vinnuhóps ÍSí og UMFÍ um skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar um að fara í gagngerar endurbætur á skráningarkerfinu og þetta samkomulag fyrsti liður í því ferli.

7. Heimsóknir í íþróttahéruð

Forseti ÍSí ásamt föruneysi munu fara fjögurra daga í hringferð um landið, 11.-14. september nk., og heimsækja 10 íþróttahéruð. Fundað verður með forsvarsmönnum viðkomandi héraða og mögulega aðildarfélaga ásamt því að skoða íþróttamannvirki.

8. Roller Derby íþróttin

Málinu frestað.

9. Íþróttaslysasjóður

Málinu frestað.

10. Heiðranir

Samþykkt að heiðra Hermann Níelsson, formann Knattspyrnufélagsins Harðar á Ísafirði, með Heiðurskrossi ÍSí. Hermann var um árabil formaður UÍA og hefur helgað líf sitt íþróttum og framgangi þeirra. Hann hefur verið í forystustörfum í íþróttahreyfingunni, bæði á Ísafirði og á Austurlandi og m.a. starfað ötullega að uppbyggingu og útbreiðslu glímu á Vestfjörðum. Hermann átti sæti í Trimmnefnd ÍSí.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og samþykktar:

- 223. fundur framkvæmdastjórnar
- 14., 15., 16., 17., 18. og 19. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Þróunar- og fræðsluviðs ÍSí frá 28.5. og 25.6. 2014
- Afrekssjóðs frá 6. 6. 2014

- Verkefnasjóðs frá 3.7. 2014 – Tillögur sjóðsstjórnar um styrkveitingar samþykktar.

12. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða 2. október og 13. nóvember nk.

14. Önnur mál

Breytingar á skrifstofum ÍSÍ

Framkvæmdastjóri fór yfir breytingar sem fyrirhugað er að gera á skrifstofum ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni til að bæta kaffiaðstöðu starfsmanna og rýmka til fyrir nýju starfsfólki og aukinni starfsemi í aðdraganda Smáþjóðaleikanna.

Nordic Sports Meeting

Forseti, varaforseti, framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og sviðsstjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ munu sækja Nordic Sports Meeting í Björgvin í Noregi 18.-21. september nk.

Samningur við Flugfélag Íslands

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu frá samningaviðræðum við Flugfélag Íslands vegna afsláttarkjara í innanlandsflugi. Það liggur fyrir að 8 % hækkun verður á flugfargjöldum frá síðasta samningi en Flugfélag Íslands er að kanna möguleika á t.d. auknum sætafjölda til íþróttahreyfingarinnar í ljósi helstu ábendinga og kvartana frá hreyfingunni. Forseta og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við Flugfélag Íslands.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari